

Fimmtudaginn 19. janúar 1995.

Nr. 18/1994.

**Véltjórafélag Íslands**

(Hjalti Steinþórsson hrl.)

gegn

**Landhelgisgæsla Íslands og  
fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs**

(Einar Karl Hallvarðsson hdl.)

Kjarasamningur. Úrskurðarnefnd.

**Dómur Félagsdóms.**

Mál þetta dæma Auður Þorbergsdóttir, Björn Helgason, Gylfi Knudsen, Guðmundur Skaftason og Arnmundur Backman.

Málið, sem var dómtekið 13. þ.m., var þingfest 16. des. sl. Stefnandi er Véltjórafélag Íslands, kt. 690269-3419, Borgartúni 18, Reykjavík.

Stefndu eru Landhelgisgæsla Íslands, kt. 710169-5869, Seljavegi 32, Reykjavík og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs kt. 540269-6459, Sölvhólgötu 7, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru:

Að dæmt verði að stefndu sé skylt að tilnefna mann í nefnd um kjarabreytingar skv. grein 14.1.2. í kjarasamningi aðila frá 6. apríl 1988 og hlíta úrskurði nefndarinnar í samræmi við 2. mgr. hins tilvitnaða ákvæðis kjarasamningsins.

Að stefndu verði gert að greiða stefnanda málskostnað að skaðlausu.

Dómkröfur stefnda eru:

Að stefndu verði sýknaðir af kröfum stefnanda.

Að stefnanda verði gert að greiða stefndu málskostnað að mati Félagsdóms.

Með samningi milli Landhelgisgæslu Íslands annars vegar og Félags bryta, Stýrimannafélags Íslands og Véltjórafélags Íslands hins vegar dags. 6. apríl 1988 var gerður samningur á milli ofangreindra aðila um kjör bryta, stýrimanna, véltjóra og vélavarda í þeim störfum hjá Landhelgisgæslu Íslands, sem tilgreind eru í grein 1.1. í samningnum. Samkvæmt grein 1.3. fer um starfsskyldur yfirmanna skv. lögum nr. 25/1967 en skv. 7. gr. þeirra laga er starfsmönnum Landhelgisgæslu Íslands óheimilt að gera verkfall eða taka þátt í

verkfallsboðunum. Að sögn stefnanda hefur samningsstaða þessara starfsmanna því jafnan verið erfið en í stórum dráttum hafa breytingar á kjörum þeirra dregið dóm af þeim breytingum sem orðið hafa á kjörum yfirmanna á farskipum skv. kjarasamningum kaupskipaútgærða við félag yfirmanna að því marki sem um sambærileg störf er að ræða. Á þetta fyrirkomulag sér stoð í 10. gr. laga 25/1967 um Landhelgisgæslu Íslands. Með samkomulagi dags. 29. mars 1986 var samið um þessa viðmiðun, en jafnframt að gerðardómur skyldi fjalla um sérkröfur þessara starfsmanna hjá Landhelgisgæslu Íslands. Í 14. gr. kjarasamnings aðila frá 6. apríl 1988 lið 1.2. var og kveðið svo á að á gildistíma samningsins skyldi Landhelgisgæsla Íslands tryggja þeim yfirmönnum, sem samningurinn tæki til sambærilegar kjarabreytingar og á sama tíma yrðu hjá yfirmönnum kaupskipaútgærða innan V.S.Í. og V.M.S. Þá var svo kveðið á í ákvæðinu að ef ekki næðist samkomulag um kjarabreytinguna innan mánaðar frá því ósk um hana kæmi fram skyldi nefnd, skipuð skv. ákvæði greinarinnar, skera úr um ágreininginn. Lýtur krafa stefnanda í máli þessu að því, að þessi nefnd taki til úrlausnar ágreining um tiltekna kröfur stefnanda um aðlögun að hinum almenna samningi kaupskipaútgærða.

Samningur aðila frá 6. apríl 1988, sem gildi til 1. janúar 1990, var endurskoðaður að því er launaliði varðar og breytt með samningi dags. 11. júlí 1989. Með samningi dags. 18. júlí 1990 var gildistími samningsins framlengdur til 15. september 1991 með tilteknum breytingum á launaliðum, uppbótum o.fl.

Haustið 1992 gerðu aðilar máls þessa tilraun til að endurnýja samninga sína, sem þá höfðu verið lausir frá 15. september 1991. Samningar tókust ekki og var ágreiningi aðila vísað til gerðadóms skv. áðurgreindu samkomulagi frá 29. mars 1986. Hinn 31. mars 1993 kvað gerðardómur upp dóm í málinu og var flestum kröfuliðum sóknaraðila vísað frá gerðardóminum á þeirri forsendu að valdsvið gerðardómsins væri einungis að fjalla um sérkröfur, en ekki kjaratriði sem ættu að ákvarðast af hinum almenna kjarasamningi á farskipum.

Að fenginni niðurstöðu gerðardómsins tóku aðilar upp viðræður á ný og lauk þeim með gerð kjarasamnings hinn 30. júlí 1993, sem gildi til 31. desember 1994. Samningi þessum fylgdi bókun stefnanda þar sem Vélstjórafélag Íslands áskilur sér rétt vegna ágreinings aðila

um túlkun á niðurstöðu áðurnefnds gerðardóms og um réttarstöðu aðila.

Eftir þetta var leitað eftir viðræðum við stefndu um ágreining aðila og ítrekuð krafa um skipun fulltrúa í nefnd skv. gr. 14.1.2 í samningi aðila. Var forstjóra Landhelgisgæslu Íslands ritað bréf af þessu tilefni hinn 5. apríl 1994 þar sem óskað var viðræðna um málið. Er þess getið í bréfinu að verði ekki teknar upp viðræður verði leitað úrlausnar Félagsdóms um ágreining aðila. Ekkert varð af viðræðum. Þykir stefnanda nauðsyn bera til að fá niðurstöðu um ágreining aðila um skipan nefndar skv. gr. 14.1.2 í kjarasamningi áður en kemur til nýrra samningaviðræðna aðila.

*Málsástæður og lagarök stefnanda.*

Stefnandi byggir kröfu sína á því að skv. 1. gr. samkomulags aðila frá 29. mars 1986 skuli kjör vélfræðinga (vélstjóra) ákvarðast af hinum almenna kjarasamningi farmanna. Gerðardómur, sem fjallaði um kjaradeilu málsaðila, hafi vísað kröfum um aðlögun að hinum almennu samningum við farskipaútgerðir frá dómi með vísan til þess, að þessi réttur sé með samkomulaginu tryggður sóknaraðila og heyri ekki undir lögsögu dómsins. Stefnandi telur að samkvæmt þessari niðurstöðu sé stefndu skylt að taka upp í kjarasamning aðila ákvæði er lúta að störfum vélstjóra við viðgerðir m. a. þegar skip eru í heimahöfn. Stefndu hafa ekki fallist á kröfur stefnanda í þessu efni og hefur stefnandi því krafist þess að úr þessum ágreiningi aðila verði skorið með úrskurði nefndar skv. gr. 14.1.2. í kjarasamningi aðila. Stefndu hafa borið því við, að gr. 14.1.2. sé úr gildi fallin, enda hafi ákvæðið verið bundið og takmarkað við gildistíma kjarasamnings aðila frá 6. apríl 1988 en hann gildi til 1. janúar 1990. Stefnandi telur ákvæðið hins vegar enn í gildi og byggir þá skoðun sína á því, að gildistími umrædds samnings hafi verið framlengdur fyrst til 15. september 1991 með samningi dags. 18. júní 1990 og síðar með samningi dags. 30. júlí 1993, með gildistíma til 31. desember 1994. Samningur aðila frá 6. apríl 1988 sé síðasti gildi heildarsamningur milli þeirra þar sem tekið er á öllum kjaraatriðum og atriðum er lúta að réttindum og skyldum viðkomandi starfsmanna Landhelgisgæslu Íslands. Samningarnir tveir, sem síðar hafa verið gerðir, víkja einungis að launabreytingum og minniháttar réttarbótum en feli að öðru leyti í sér framlengingu á gildistíma samningsins frá 6. apríl 1988. Hvergi sé í síðari samningum aðila vikið að því að einstök

ákvæði samningsins frá 1988 skuli falla niður. Telur stefnandi að taka hefði þurft fram berum orðum ef ætlunin hefði verið að fella úr gildi jafn veigamikil ákvæði og ákvæðið í gr. 14.1.2. Stefnandi telur synjun stefndu um tilnefningu fulltrúa í umsamda nefnd ómál-efnalega enda sé ætlan stefnanda einungis sú að leita úrlausnar um það hvort taka eigi upp í samning aðila hliðstæða bókun og fallist var á í samningi stefnanda við stefnda fjármálaráðherra vegna vélstjóra er starfa á skipum Hafrannsóknarstofnunar. Telur stefnandi að misræmi það, sem fram kemur í afstöðu ríkisins til samnings vegna Hafrannsóknarstofnunar Íslands annars vegar og Landhelgisgæslu Íslands hins vegar, ekki stutt neinum efnisrökum, heldur eigi það rót að rekja til þeirrar staðreyndar að starfsmenn Landhelgisgæslunnar hafa ekki verkfallsrétt en þann rétt hafa hins vegar starfsmenn Hafrannsóknarstofnunar.

Mál þetta er höfðað á þeim grundvelli að í gildi sé samningur aðila um að nefnd skv. ákvæði 14.1.2. í kjarasamningi skuli úrskurða um tiltekinn ágreining. Ekki er því í þessu máli leitað úrlausnar um hinn efnislega ágreining aðila um það hvernig laga eigi samning aðila að hinum almenna kjarasamningi farskipaútgærða enda sé það skilningur stefnanda að úrlausn þessa ágreinings eigi að vera í höndum umræddrar nefndar. Verði niðurstaða Félagsdóms hins vegar sú, að samningur aðila um úrskurðarnefnd skv. grein 14.1.2. sé ekki lengur í gildi áskilur stefnandi sér rétt til að leita úrlausnar dómstóla um þau efni, sem nefndin hefði ella átt úrskurðarvald um, ef þurfa þykir.

#### *Málavaxtalýsing stefndu.*

Allt fram til ársins 1988 hafi ákvörðun kjara vélstjóra, sem og annarra skipverja hjá Landhelgisgæslunni verið þannig háttað að þeir hafi tekið laun eftir hinum almenna kjarasamningi viðkomandi stéttarfélags við Vinnuveitendasamband Íslands og Vinnumálasamband samvinnufélaganna. Töluverð óánægja hafi verið með þetta fyrirkomulag hjá þeim vinnuveitendum er voru innan fyrrgreindra sambanda. Á síðari hluta áttunda áratugarins hafi útgærðarmenn og samtök þeirra farið að gera ákveðnar athugasemdir við það að starfsmenn Landhelgisgæslunnar væru á þennan hátt tengdir kjarasamningi farmanna. Af hálfu talsmanna Vinnuveitendasambands Íslands hafi því verið haldið fram að kröfugerð samtaka farmanna mótaðist um of af kröfum þeirra félagsmanna er störfuðu á

skipum Landhelgisgæslunnar og meðlimir Vinnuveitendasambandsins hefðu enga möguleika á að ræða né uppfylla þær kröfur og að kjaradeilur farmanna drægust á langinn af þessum sökum. Af hálfu talsmanna stéttarfélaga hafi því aftur á móti verið haldið fram að starfsmenn Landhelgisgæslunnar yrðu að fá tækifæri til að fylgja kjaramálum sínum eftir með aðild að gerð hins almenna kjarasamnings enda hefðu þeir engan annan vettvang til þess og gætu ekki beitt öðrum þrýstingi þar sem þeir hefðu ekki verkfallsrétt.

Skóðanaskipti þessi hafi leitt til þess að Vinnuálanefnd ríkisins og nokkur stéttarfélög innan vébanda Farmanna- og fiskimannasambands Íslands hafi gert með sér sérstakt samkomulag, dags. 29. mars 1986, um tiltekna meðferð kjaramála.

Samkomulag þetta sé í 11 greinum auk inngangsorða. Í því segi svo í eftirfarandi greinum:

„1. gr. Laun og önnur kjör starfsmanna Landhelgisgæslunnar, sem aðild eiga að ofangreindum stéttarfélögum, skulu ákvarðast af hinum almenna kjarasamningi á farskipum, þegar um er að ræða sambærileg störf.

2. gr. Laun og kjör vegna starfa sem ekki falla að aðalkjarasamningi sbr. 1. gr. skulu ákveðin í sérkjarasamningi milli Landhelgisgæslunnar og nefndra félaga. Ennfremur skal í sérkjarasamningi ákvarða um sérkröfur starfsmanna Landhelgisgæslunnar vegna sérstöðu starfa þeirra.

3. gr. Á næstu tveimur mánuðum eftir gildistöku aðalkjarasamnings skulu samninganefndir deiluaðila koma saman, í því skyni að finna lausn á sérkröfum starfsmanna Landhelgisgæslu Íslands. Náist ekki samkomulag milli deiluaðila á þessu tveggja mánaða tímabili frá gildistöku aðalkjarasamnings, skal hagsmunaágreiningur deiluaðila ganga sjálfkrafa til Gerðardóms. Aðilar geta þó vísað kjaradeilu til Gerðardóms, fyrr séu þeir um það sammála.“

Og áttunda grein sé svohljóðandi:

„Gerðardómur skal gæta þess við úrlausnir sínar, að starfsmenn Landhelgisgæslunnar njóti sambærilegra kjara og þeir menn með hliðstæða menntun, sérhæfni og ábyrgð, sem vinna hliðstæð störf hjá öðrum en Landhelgisgæslunni. Þá skal hafa hliðsjón af almennum afkomuhorfum þjóðarbúsins.“

Samkomulag þetta taki mjög mið af því hvernig kjarasamningsgerð var háttað gagnvart opinberum starfsmönnum á þeim tíma,

þ.e. fyrir gildistöku laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna, meðan Kjaradómur var hinn endanlegi úrskurðaraðili í deilum um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Það hafi hins vegar valdið aðilum nokkrum erfiðleikum að greina á milli þess, sem teldist almenn kjaratriði, félli undir 1. gr. samkomulagsins og teldist þar af leiðandi til aðalkjarasamnings, og á hinn bóginn þess sem teldist sérkjaratriði og félli undir 2. gr. samkomulagsins. Oft hafi þetta verið samtvinnað og erfitt að greina í sundur svo vel færi. Það hafi því orðið að samkomulagi milli aðila að gera heildstæðan kjarasamning fyrir starfsmenn Landhelgisgæslunnar, sem tæki jafnt til almennra sem sértækra kjaratriða, þrátt fyrir að sú leið væri ekki í fullu samræmi við ákvæði samkomulagsins.

Þann 6. apríl 1988 var svo skrifað undir slíkan kjarasamning við þrjú stéttarfélag innan vébanda Farmanna- og fiskimannasambands Íslands þar á meðal Vélstjórafélag Íslands. Samkvæmt ákvæði 14.1. í þeim samningi skyldi hann gilda frá undirskriftardegi til 1. janúar 1990. Við undirskrift hans hafi verið í gildi almennur kjarasamningur Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, samkvæmt gr. 26.2.1. hafi hann gilt til 31. desember 1988 og féll þá úr gildi án sérstakrar uppsagnar. Í gr. 23.2. þess samnings sagði jafnframt að laun yfirmanna skyldu á árinu 1988 taka sömu hækkunum á sama tíma og laun félagsmanna í Sjómannafélagi Reykjavíkur. Tveir menn frá hvorum aðila skyldu meta þessar hækkanir og ef upp kæmi ágreiningur þeirra í millum ætti Hagstofa Íslands úrskurðarvald. Vegna þessa ákvæðis og þess að samningur vegna starfsmanna Landhelgisgæslunnar var bundinn í heilt ár umfram kjarasamning sömu starfsgreina á almennum markaði hafi verið tekið upp í samning starfsmanna Landhelgisgæslunnar sambærilegt ákvæði sem hafi átt að tryggja þeim að á samningstímanum fengju þeir sambærilegar kjarabreytingar og aðrir í sömu starfsstétt er störfuðu á hinum almenna markaði.

#### *Málsástæður og lagarök stefndu.*

Stefnandi reisir mál sitt á því að stefndu verði gert skylt að tilnefna mann í nefnd um kjarabreytingar samkvæmt grein 14.1.2. í kjarasamningi aðila frá 6. apríl 1988. Stefndu mótmæla þeirri kröfu og telja sér það ekki skylt þar sem tilvitnað ákvæði sé úr gildi fallið. Kjarasamningur aðila frá 6. apríl 1988 hafi gilt frá undirskriftardegi

og til 1. janúar 1990. Í gildistíð þess samnings hafi verið gerður sérstakur samningur um breytingar á launaliðum. Í málavaxtalýsingu sinni byggi stefnandi á því að samningur aðila frá 6. apríl 1988 hafi verið endurskoðaður að því er launaliði varðaði og breytt með samningi, dags. 11. júlí 1989. Með samningi, dags. 18. júlí 1990, hafi gildistími samningsins verið framlengdur til 15. september 1991. Þessi staðhæfing stefnanda fái aðeins staðist að því leyti að samningurinn frá 11. júlí 1989 hafi falið í sér breytingu á þágildandi kjarasamningi að því er varðaði launaliði. Staðhæfingu stefnanda um það að heildarsamningurinn frá 6. apríl 1988 hafi verið framlengdur er mótmælt sem rangri og ósannaðri, svo og að sá samningur hafi sætt endurskoðun eða breytingum eftir að gildistími hans var á enda. Af hálfu stefndu hafi verið litið svo á að með samkomulaginu frá 11. júlí 1989 hafi í raun verið gert út um þann fyrirvara sem nefnd grein 14.1.2. gerði ráð fyrir, þ.e. að yfirmönnum þeim hjá Landhelgisgæslunni sem samningurinn tæki til yrðu tryggðar sambærilegar kjarabreytingar og yrðu hjá yfirmönnum kaupskipaútgerða innan VSÍ og VMS. Telja stefndu að með því samkomulagi hafi ekki aðeins verið uppfyllt formlega efni þess ákvæðis að samið yrði um þau sérkjör til handa félagsmanna stefndu og fleiri, heldur að með því samkomulagi hafi í raun verið jafnaður hlutur þessara tveggja hópa um kaup og kjör.

Framangreint telja stefndu að styðji þann skilning sinn að umdeilt ákvæði í kjarasamningi frá 1988 sé úr gildi fallið. Auk þess vísa stefndu til þess að í viðræðum milli aðila sumarið og haustið 1992 hafi verið sett fram krafa um að sambærilegt ákvæði yrði tekið upp í kjarasamning sem viðræður stóðu þá um. Þeirri kröfu stefnanda hafi verið hafnað af fjármálaráðuneytinu og hafi því ekki verið tekið upp síðan. Stefnanda hafi verið eða mátt vera ljóst að ákvæði fyrrgreinds kjarasamnings frá 6. apríl 1988, þ. á m. grein 14.1.2. sé ekki í gildi milli aðila en um þann skilning beggja aðila vitni málgögn augljóslega. Um þetta vitni m.a. bókun I í samningi frá 18. júlí 1990, en hún geri ráð fyrir því að ræða skyldi um gerð nýs kjarasamnings til lengri tíma. Þá telja stefndu að líta beri til þess að sambærilegt ákvæði og 14.1.2. í samningunum frá 1988 sé heldur ekki að finna í síðar gildandi kjarasamningum milli aðila.

Umræddum kjarasamningi frá 6. apríl 1988 og ákvæði 14.1.2. sérstaklega hafi aðeins verið markaður ákveðinn gildistími sem fyrr

segir. Eigi það einkum og sér í lagi við um nefnt ákvæði, en það sé tekið upp í 14. kafla samningsins sem fjalli um gildistíma hans. Vísi upphafsorð greinar 14.1.2., auk þess sem að framan hefur verið rakið, beinlínis til þess að ákvæðið eigi aðeins við á gildistíma samningsins.

Stefndu telja nauðsynlegrar samaðildar ekki gætt varðandi ráðstöfun á því sakarefni sem krafist er dóms um. Kjarasamningur frá 6. apríl 1988 sé annars vegar milli Landhelgisgæslu Íslands og hins vegar Félags bryta, Stýrimannafélags Íslands og stefnanda. Stefndu telja vafasamt að stefnandi geti staðið að málsókn þessari án atbeina Félags bryta og Stýrimannafélags Íslands. Dómur sem ganga myndi um kröfur stefnanda myndi óhjákvæmilega hafa áhrif á kjör félagsmanna þessara félaga, án þess að þau félög hefðu fengið tækifæri til að ráðstafa því sakarefni. Stefndu benda á að skylt sé að vísa máli frá dómi ef þeir sem eiga óskipt réttindi sæki ekki mál í sameiningu að því leyti sem krafa er höfð uppi um hagsmuni einhvers þeirra sem ekki á aðild að því. Þar sem dómsins sé að ákveða af sjálfsdáðum hvort þessi ábending eigi við rök að styðjast, er ekki gerð sérstök krafa um frávisun. Vísa stefndu um þetta til 2. másl. 2. mgr. 18. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, sbr. 69. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélag og vinnudeilur.

Til stuðnings kröfum um málskostnað er vísað til 65. gr. laga nr. 38/1980, sbr. XXI. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

#### *Niðurstaða.*

Mál þetta snýst um skyldu stefnda til að tilnefna mann í nefnd samkvæmt kjarasamningi málsaðila frá 6. apríl 1988 gr. 14.1.2. til að meta áhrif vissra kjarabreytinga. Greinin hljóðar svo:

„Á gildistíma samnings þessa mun LHG tryggja þeim yfirmönnum sem samningur þessi tekur til sambærilegar kjarabreytingar á sama tíma og verða hjá yfirmönnum kaupskipaútgerða innan VSÍ og VMS. Náist ekki samkomulag um kjarabreytinguna innan mánaðar frá því að ósk um hana kom fram skulu aðilar tilnefna hvor sinn mann í nefnd og hagstofustjóri einn.“

Frá því kjarasamningurinn var gerður hafa í nokkur skipti verið gerðar á honum breytingar er að mestu varða launaliði hans. Að öðru leyti hefur hann verið framlengdur óbreyttur. Fyrst var hann framlengdur með 1. gr. samnings frá 18. júlí 1990 til 15. september 1991 og síðan með 1. gr. samnings frá 30. júlí 1993 til 31. desember

1994. Því er ekki unnt að fallast á það með stefnda að með samningnum frá 11. júlí 1989 og efnendum hans hafi gr. 14.1.2. í raun verið felld úr gildi og hlutur þeirra hópa, sem í gr. 14.1.2. eru nefndir, verið jafnaðir en mat á því á undir nefnd samkvæmt greininni.

Við munnlegan flutning málsins lýsti lögmaður stefnanda yfir því að kröfur stefnanda fyrir nefnd samkvæmt gr. 14.1.2. í kjarasamningnum frá 6. apríl 1988 muni einvörðungu varða hagsmuni stefnanda sjálfs en ekki sameiginlega hagsmuni hans og samaðila að kjarasamningnum. Með hliðsjón af þessu og því að réttindi hans samkvæmt kjarasamningi þessum teljast nægilega sérgreind þykir aðild málsins ekki fara í bága við 18. gr. laga nr. 91/1991.

Með vísan til þess sem að framan er rakið þykir bera að taka kröfu stefnanda til greina eins og í dómsorði segir.

Óþarft var að stefna forstjóra Landhelgisgæslunnar í máli þessu, sbr. 3. gr. laga nr. 94/1986 og 5. og 10. gr. laga nr. 25/1967.

Stefndi greiði stefnanda málskostnað kr. 75.000.

#### D ó m s o r ð:

Stefnda, fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, er skylt að tilnefna mann í nefnd samkvæmt gr. 14.1.2. í kjarasamningi frá 6. apríl 1988 milli Landhelgisgæslu Íslands og Félags bryta, Stýri-  
mannafélags Íslands og Vélstjórafélags Íslands.

Stefndi greiði stefnanda, Vélstjórafélagi Íslands, 75.000 krónur í málskostnað.